

Aðalfundur Skátasamabands Reykjavíkur haldinn 24.03.2014

2.6.

**A. Þorsteinn Fr. Sigurðsson kosinn fundarstjóri.
Sonja Kjartansdóttir kosinn fundarritari.**

Fundarstjóri bendi á að aðalfundur skuli samkv. lögum haldinn fyrir 1. maí ár hvert og hann boðaður skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Enginn mótmælti og er því fundurinn löglegur.

B. Hrönn Þormóðsdóttir formaður kynnti skýrslu stjórnna

Umræður: Litlar umræður voru varðandi skýrsluna en Liljar Þorbjörnsson bendi á að hann væri í Hafravatnsráði.

C. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs.

Umræður:

Gjaldkeri þurfti að fara af fundi – formaður og ritari reyndu að svara fyrir reikningana. Þar sem fjárhagsáætlun liggur ekki fyrir var ekki hægt að bera reikninga og fjárhagsáætlun upp til samþykktar.

Spurt var um langtímaskuldir, húsnæðiskostnað og nokkrar athugasemdir gerðar við uppsetningu á skýringum.

Arnlaugur óskaðir eftir upplýsingum um atkvæðarétt en hann er :

Árbúar 3 atkvæði
Garðbúar 1 atkvæði
Landnemer 1 atkvæði
Segull 3 atkvæði

Lagt til að fresta afgreiðslu reikningar og fjárhagsáætlun til framhaldsaðalfundar sem haldinn verður í upphafi næsta félagsforingjafundi.

D. Tillögur um lagabreytingar.

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir formaður laganefndar kynnti tillögur

[Tillaga nr. 1: Breyting á ákvæði 1.4.](#)

Á eftir orðinu fastaráð bætast orðin „og nefndir“.

Samþykkt

Eftirfarandi nýir stafliðir bætast við:

„D. Uppstillinganefnd er hafi það hlutverk að leita eftir fólki til starfa fyrir SSR samkvæmt því sem fram kemur í lögum þessum og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.

Samþykkt

E. Laganefnd er hafi það hlutverk að yfirfara og gefa umsagnir um tillögur um breytingar á lögum þessum sem henni berast, auk þess að hafa frumkvæði að tillögum að breytingum á lögnum.“

Samþykkt

[Tillaga nr. 2: Breyting á ákvæði 2.2.](#)

Í stað orðsins „bréflega“ kemur orðið „skriflega“.

Samþykkt

Á eftir fyrsta málsliðnum bætist við nýr svohljóðandi málsliður: „Til skriflegrar boðunar telst boðun með tölvupósti“.

Samþykkt

[Tillaga nr. 3: Breyting á F-lið ákvæðis 2.6 og ákvæði 2.7.](#)

F-liður ákvæðis 2.6. orðast svo: „Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7., og tveggja varamanna. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.“

4. málsliður í ákvæði 2.7. orðast svo: „Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal varamaður taka sæti hans í stjórn fram að næsta aðalfundi.“

Samþykkt

[Tillaga nr. 4: Breyting á I- og J-liðum ákvæðis 2.6.](#)

Liður I. orðast svo: „Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd, Úlfliótsvatnsráð og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.“

Liður J. fellur brott.

Samþykkt

[Tillaga nr. 5: Breyting á ákvæði 2.10.](#)

Ákvæðið orðast svo: „Tvö eða fleiri félög geta farið fram á það við stjórn SSR að hún kalli saman félagsforingjafund og er henni þá skylt að boða til og halda slíkan fund innan viku.“

Samþykkt

[Tillaga nr. 6: Breyting á ákvæði 2.14.](#)

Á eftir fyrsta málslið bætist við nýr svohljóðandi málsliður: „SSR verður ekki lagt niður nema að slík tillaga verði samþykkt af meirihluta tveggja lögmætra aðalfunda.“

Samþykkt

[Tillaga nr. 7: Breyting á E-lið ákvæðis 3.2](#)

Í stað orðanna „1. mars“ koma orðin „15. mars“

Samþykkt

Haukur Haraldsson kynnti tvær breytingartillögur á lögum sem stjórn SSR lagði fram:

Tillaga nr. 1:

Hér með er lagt til að grein 2.5.B hljóði svo:

Með málfrelsi og tillögurétti: Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk SSR. Endurskoðendur og skoðunarmenn SSR.

Stjórn SSR er heimilt að bjóða gestum til fundarins.

Skýringar á tillögu:

Efnislega er breytingin sú að orðin „Allir starfandi skátar í Reykjavík“ falla út úr setningunni um málfrelsi og tillögurétti á aðalfundi.

Bent er á í þessu samhengi að í grein 2.5.C er aldursmarkið 16 ára tilgreint fyrir áheyrnarfulltrúa á aðalfundi SSR. – Sjá till. nr. 2

Tillaga nr. 2

Hér með er lagt til að grein 2.5.C hljóði svo:

Sem áheyrnarfulltrúar:

Varafulltrúar skátafélaga/starfseininga. Skátar sem náð hafa 16 ára aldri og eru starfandi í Reykjavík.

Tillagan skýrir sig sjálf. Fulltrúar á aðalfundi Skátasambands Reykjavíkur séu starfandi skátar í Reykjavík.

Baldur Árnason Skátafélaginu Segli lagði fram breytingartillögu við tillögu nr. 1

2.5.b Með málfrelsi og tillögurétt:

Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk SSR, endurskoðendur og skoðunarmenn SSR. Allir starfandi skátar í Reykjavík. Varafulltrúar skátafélaga / starfseininga. Stjórn Bís Stjórn SSR er heimilt að bjóða gestum til aðalfundar SSR Liður 2.5 C falla úr gildi

Breytignartilla Samþykkt. Og því fellur tillga 2 niður.

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðalfund SSR 24. mars 2014.

Tillögurnar voru bornar upp hver og ein til samþykktar og voru allar samþykktar.

F.

Stjórnarmaður kosinn til tveggja ára. Kosinn til 2016.

Haukur Haraldsson gefur kost á sér til endurkjörs.

Stjórnarmaður kosinn til tveggja ára. Kosinn til 2016.

Valborg Sigrún jónsdóttir.

G.

Skoðunarmenn kosnir í eitt ár í senn.

Hanna Guðmundsdóttir.

Skattur og bókhald, löggiltur endurskoðandi.

H.

Laganefnd. Kosin í eitt ár í senn.

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, formaður.

Arnlaugur Guðmundsson

Sigurjón Einarsson

Uppstillinganefnd. Kosin í eitt ár í senn.

Helgi Jónsson, formaður.
Gunnlaugur Bragi Björnsson
Jóhanna Þorleifsdóttir

I.

Útljótswatnsráð

Kjörinn til eins árs. Sveinbjörn Lárusson.

Kjörinn til tveggja ára. Arthur Pétursson

J.

Hafravatnsráð kjörnir til tveggja ára. Kjörin til 2015

kjörinn til eins árs Guðmundur Þór Pétursson

kjörinn til tveggja ára Liljar Már Þorbjörnsson

Samþykkt.

Önnur Mál

Baldur talaði um þann kraft sem Stjórn hefur lagt í að edurvekja Hamar og hvort það sé rétt að Stjórnin eigi að eyða svo miklum tíma sem raun sé. Og einnig hvort SSR eigi að vera að stofna ný félög - Haukur varð fyrir svörum að benti á að samkv. Lögum SSR bæri stjórninni að koma veikburða félögum til aðstoðar.

Umræður spunnust út frá þessu. Ekki voru allir sammála um að þetta væri að bitna á öðrum félögum í Reykjavík. Rætt var um hvort þörf sé að hafa skátafélög í öllum hverfum.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 22:44

Framhaldsaðalfundur Skátasambands Reykjavíkur 5. maí 2014.

Til fundarins var boðað með dagskrá, þar sem frá var horfið frá fyrri hluta fundarins:

Fundur settur kl. 20:10

Stungið var upp á Hrönn Þormóðsdóttur sem fundarstjóra og Hauki Haraldssyni sem fundarritara. – Samþ. samhlj.

Endurskoðaðir reikningar SSR lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.

Arthúr Pétursson gjaldkeri SSR gerir grein fyrir reikningunum.

Athugasemd gerð við villu í brunabótamati skátaheimila – sjá skýringar liður 8.

Umræða um fjárhagslega stöðu Úlfjótsvatns og aðild SSR þar að almennu leyti.

- Reikningar samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun til eins árs.

AP leggur fram fjárhagsáætlun og kynnir. Athygli er vakin á sölu SSR af eignarhlut sínum í H123 og hækkun á þjónustusamningi við Reykjavíkurborg.

Umræður um fjárhagsstöðu, Úlfjótsvatn, undirbúning framkvæmda við Hafravatn o.fl.

- Fjárhagsáætlun samþ. samhljóða.

Önnur mál.

Fundi slitið kl. 21:10 / HH.